

L Ö G

um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 14 20. apríl 1963, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga, laga, nr. 6 1943, laga nr. 14 1955, laga nr. 36 1959, og laga nr. 74 1960, inn í lög nr. 44 19. júní 1933 og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslensks happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

- a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 65000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Enn fremur er heimilt að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk, er tengist við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkv. ákvæðum þessa tölulíðs.
- b) Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og enn fremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum happdrættisráðs og happdrættisstjórnar Háskólans.
- c) Vinningarnir skulu vera samtals ekki færri en 5000 og nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 12 flokkum.
- d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmati eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið, enda hefur hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.
- e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita til 1. janúar 1974. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingarinnar, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstöðvar við hinar ýmsu deildir háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Þegar nægilegs fjár hefur verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. — Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar eftir því sem til vinnst og þörf krefur.

3. gr.

Frá því er happdrættið tekur til starfa er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum

miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá, að viðlögðum sektum, 200—2000 kr. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir einn bæ eða sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

4. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð, að viðlögðum sektum, er nánar má ákveða í reglugerð. Ráðuneytinu er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

5. gr.

Ekki skal taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár, sem vinningarnir falla.

6. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um starfsemi happdrættisins í einstökum atriðum og má í henni ákveða sektir fyrir brot. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.